



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 21. apríl 2025
2206319/036.01 PPM

Efni: Ágrip

Að beiðni formanns bæjarráðs er lagður er fram viðauki við ráðningarsamning um starf bæjarstjóra. Í viðaukanum felst tillaga að breytingu á 1. gr. gildandi ráðningarsamnings um starf bæjarstjóra, er samþykktur var á 1259. fundi bæjarstjórnar þann 14. júní 2022. Í tillögunni felst að skilið verði á milli annars vegar launa fyrir starf bæjarstjóra og hins vegar þóknunar fyrir störf í bæjarstjórn, ráðum og nefndum, ásamt fleiri breytingum sem hér verður gerð grein fyrir.

Það er ekki sjálfgefið að bæjastjóri sé jafnframt kjörinn fulltrúi og þykir því rétt og eðlilegt að gera skýran greinarmun á milli annars vegar launa fyrir starf bæjarstjóra Kópavogs og hins vegar þóknunar til sveitarstjórnarmanna í skilningi 32. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkvæmt téðri 32. gr. er sveitarstjórnnum skylt að ákveða hæfilega þóknun til sveitarstjórnarmanna fyrir störf þeirra.

Krónutala launa fyrir starf bæjarstjóra í framlögðum viðauka er uppreiknuð samningsfjárhæð að fráðreginni þóknun fyrir setu í bæjarstjórn Kópavogs, fyrir 10% lækkun þeirrar þóknunar sem samþykkt var á 1318. fundi bæjarstjórnar. Ekki er því um að ræða hækkun launa umfram samningsbundna þróun launavísitölu.

Þá er í viðaukanum lögð til tímabundin stöðvun á þróun krónutölu launa fyrir starf bæjarstjóra og munu launin því næst taka breytingum 1. júlí 2026.

Aukinheldur er í viðaukanum lagt til að launin muni taka breytingum í samræmi við þróun þingfararkaupts sem Hagstofan gefur út og tekur gildi 1. júlí ár hvert. Munu launin því taka breytingum einu sinni á ári í stað tvisvar, líkt og gildandi ráðningarsamningur gerir ráð fyrir.

Með framlögðum viðauka er i senn verið að fara að lögum og auka gagnsæi í launasetningu fyrir starf bæjarstjóra hjá Kópavogsbæ.

Lagt er til að viðaukanum verði vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar eftir umræðu í bæjarráði um efni hans.

Virðingarfyllst,

Pálmi Þór Mátsson
Bæjarritari

